



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

**Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd**
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. desember 2020.

Umsögn KPMG ehf. um „frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt (fjármálaþjónusta o.fl.)“ á þingskjali 464 – 372. mál.

KPMG hefur kynnt sér framangreint frumvarp og sér ástæðu til að setja fram eftirfarandi ábendingar og tillögur.

Fjármálastarfsemi

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á ákvæðum virðisaukaskattslaga, nr. 50/1988, sem undanþiggja virðisaukaskatti annars vegar váttryggingastarfsemi og hins vegar þjónustu lánaþyrirtækja og verðbréfamíðlun.

Lagt er til að fella brott ákvæði sem sérstaklega lýtur að váttryggingastarfsemi, en fella þá starfsemi undir undanþágu sem taki til „fjármálaþjónustu“. Er hér fylgt fordæmi Norðmanna, en benda má á í dönskum lögum um virðisaukaskatt (lov om merværdiafgift) er undanþáguákvæðum um váttryggingastarfsemi og fjármálastarfsemi haldið aðgreindum. Af athugasemdum frumvarpsins má ráða að þessari breyttu skipan er ekki ætlað að hafa efnislega breytingu í för með sér að því er váttryggingastarfsemi varðar. Að því virtu sér KPMG ekki ástæðu til að gera athugasemd við þessa tillögu frumvarpsins, enda þótt ekki verði séð bein þörf hennar.

Í frumvarpstillögunni er í sex staflíðum tiltekin sú fjármálaþjónusta sem undanþágunni er ætlað að taka til. Í a-lið er tiltekið „váttryggingastarfsemi og tryggingamiðlun“. Í ljósi gildandi löggjafar þykir KPMG orðið tryggingamiðlun óheppilegt. Lög nr. 32/2005, um miðlun váttrygginga, voru felld úr gildi með setningu laga nr. 69/2019, um dreifingu váttrygginga. Orðið tryggingamiðlun gæti gefið til kynna að aðeins væri átt við starfsemi váttryggingamiðlara en ekki annarra þeirra sem heimilt er að dreifa váttryggingum. Með slíkum skilningi væri stakkurinn skorinn mun þrengra en nú er í skattframkvæmd samkvæmt gildandi ákvæði.

KPMG leggur til að í stað þess orðsins tryggingamiðlun í a-lið 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins komi orðin: dreifing váttrygginga.

Þessi tillaga KPMG er í samræmi við orðnotkun í lögum nr. 62/2019. Í 3. tölul. 3. gr. þeirra er dreifing váttrygginga skilgreind í eftirfarandi þremur staflíðum:

- a. starfsemi sem felst í að veita ráðgjöf um, gera tillögu um eða undirbúa gerð váttryggingarsamnings, gera slíkan samning, eða aðstoða við umsýslu eða efndir samningsins,
- b. starfsemi sem felst í að veita upplýsingar um váttryggingarsamning eftir forsendum sem viðskiptavinur velur, á vefsíðu eða öðrum miðlum; einnig að gefa upplýsingar um þær váttryggingar sem eru í boði, þ.m.t. verð, samانبurð eða afslátt þegar viðskiptavinur getur gert váttryggingarsamning, beint eða óbeint, á vefsíðunni eða miðlinum,
- c. starfsemi sem felst í að veita ráðgjöf um, gera tillögu um eða undirbúa gerð endurtryggingarsamnings, efna slíkan samning eða aðstoða við umsýslu eða efndir samningsins; sama gildir þegar starfsemin er hjá endurtryggingafélagi án íhlutunar endurtryggingamiðlara.

Þeir sem heimild hafa til dreifingar váttrygginga eru tilteknir í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 62/2019 í eftirfarandi sex stafliðum:

- a. váttryggingamiðlarar sem hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins,
- b. aðilar sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð,
- c. váttryggingafélög,
- d. váttryggingaumboðsmenn sem skráðir eru hjá váttryggingafélagi,
- e. váttryggingamiðlarar, váttryggingafélög og váttryggingaumboðsmenn með starfsleyfi í öðru aðildarríki,
- f. váttryggingamiðlarar, váttryggingafélög og váttryggingaumboðsmenn með starfsleyfi utan aðildarríkja sem hafa fengið leyfi til að reka útibú hér á landi.

Stafliðir b-f í 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins endurspeglar að talsverðu leyti upptalningu á leyfisskyldri starfsemi í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Í e-lið 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins er tiltekin „verðbréfamiðlun“. Þá orðnotkun telur KPMG óheppilega. Meðal leyfisskyldrar starfsemi fjármálafyrirtækja eru, skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002, „Viðskipti og þjónusta með fjármálagemninga samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti“. Sú starfsemi er nánar skilgreind í eftirtöldum sjö stafliðum:

- a. Móttaka og miðlun fyrir mæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagemninga.
- b. Framkvæmd fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavina.
- c. Eignastýring.
- d. Fjárfestingarráðgjöf.
- e. Sölu trygging í tengslum við útgáfu fjármálagemninga og/eða útboð fjármálagemninga.
- f. Umsjón með útboði fjármálagemninga án sölu tryggingar og taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.
- g. Rekstur markaðstorgs fjármálagemninga (MTF).

Starfsleyfisskyld viðskipti og þjónusta með fjármálagemninga er mun víðtækari en svo að hún rúmist innan hugtaksins verðbréfamiðlun.

KPMG leggur til að í stað þess orðsins verðbréfamiðlun í e-lið 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins komi orðin: Viðskipti og þjónusta með fjármálagemninga.

Í f-lið 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins er tiltekin „rekstur verðbréfa- og fjárfestingasjóða“. Þau orð samræmast illa orðnotkun í lögum á fjármálasviði eftir þær breytingar, sem gerðar voru með 120. gr. laga nr. 45/2020, að fella brott orðið fjárfestingasjóðir, sem og orðið fagfjárfestasjóðir, og taka í stað upp orðin sérhæfðir sjóðir.

KPMG leggur til að í stað þess orðanna rekstur verðbréfa- og fjárfestingasjóða í f-lið 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins komi orðin: rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða.

Í tilgreiningu frumvarpsins á þeirri fjármálaþjónustu, sem undanþágunni er ætlað að taka til, er ekki vikið að útgáfu rafeyris sem þó verður að telja til fjármálaþjónustu, sbr. ákvæði laga nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris. KPMG leggur því til að við 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins verði aukið nýjum staflið sem orðist: útgáfa rafeyris.

Í athugasemdum frumvarpsins er tekið fram að upptalning á undanþeginni fjármálaþjónustu sé ekki tæmandi og geti því „aðrir þjónustubættir sem fela í sér fjármálaþjónustu einnig fallið undir töluliðinn, svo sem veiting ábyrgða og trygginga o.fl.“ Í athugasemdunum er sérstaklega tekið fram að til undanþeginnar fjármálaþjónustu eigi ekki að falla „leiga bankahólfa“. Hvort tveggja „Að veita ábyrgðir og tryggingar“ og „Útleiga geymsluhólfa“ eru meðal þátta sem starfsheimildir viðskiptabanka og sparisjóða geta tekið til, skv. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002. Standi vilji til að halda þáttum sem þar eru tilgreindir utan undanþáguákvæðisins er æskilegt að tiltaka þá sérstaklega í efnisákvæðinu sjálfu. Það er gert í frumvarpinu að því er varðar eignaleigu lausafjár.

Standi vilji til að halda útleiga geymsluhólfa (bankahólfa) utan undanþáguákvæðisins væri rétt að auka við 1. málsl. 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins, á eftir orðinu lausafjár, orðunum: útleiga geymsluhólfa.

Í frumvarpinu er lagt til að halda utan þeirra fjármálaþjónustu, sem undanþágunni er ætlað að taka til, sölu og milligöngu um tækniþjónustu. Af frumvarpinu verður ekki með vissu ráðið hvað hér er átt við.

Vart þarf að hafa mörg orð um hve rafræn upplýsingatækni er ríkur þáttur í starfsemi fjármálafyrirtækja á öllum sviðum, innan hvers og eins fjármálafyrirtækis, í samskiptum þeirra við notendur fjármálaþjónustu og í samskiptum milli fjármálafyrirtækja. Minna má á að starfræksla virkra og örugga fjármálakerfa, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd, er svo mikilvæg að það er meðal skilgreindra markmiða og verkefna Seðlabanka Íslands að stuðla að slíkum rekstri, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands.

Sumir þættir í rafrænni upplýsingatækni eru þess eðlis að fjármálafyrirtækin geta sjálf annast þá. Aðrir eru þess eðlis að þriðji aðili þarf að koma til. Má þar nefna Greiðsluveituna ehf., sem er í eigu Seðlabanka Íslands, og Reiknistofu bankanna hf., sem er í eigu fjármálafyrirtækja.

Í verulegum mæli útvista fjármálafyrirtæki rekstri rafrænna kerfa til upplýsingatæknifyrirtækja. Slík útvistuð starfsemi hefur í skattframkvæmd verið talin undanþegin virðisaukaskatti að því marki sem hún felur í sér fullnustu fjármálalegra athafna.

Notkun orðsins tækniþjónusta í frumvarpsgreininni mætti hugsanlega skilja svo að með því væri lagt til að utan undanþáguákvæðisins verði haldið þjónustu upplýsingatæknifyrirtækja við rekstur rafrænna kerfa til fullnustu fjármálalegra athafna. Ef sú er raunin fælist í því mikil skattaleg mismunur.

Fjármálafyrirtækjum, sem reka eigin upplýsingatæknikerfi, er ekki gert að greiða í ríkissjóð virðisaukaskatt af þeirri eigin þjónustu. Þess í stað er þeim gert að greiða fjársýsluskatt af vinnu starfsmanna sinna við reksturinn. Að sama skapi greiða upplýsingatæknifyrirtæki nú fjársýsluskatt af samskonar vinnu sinna starfsmanna í þágu fjármálafyrirtækja við starfrækslu kerfa sem fullnusta fjármálalegar athafnir. Verði slíkri þjónusta upplýsingatæknifyrirtækja haldið utan umræddrar

undanþágu bæri þeim að innheimta og skila í ríkissjóð 24% virðisaukaskatti af söluverði þjónustunnar, en fjármálafyrirtækjum bæri eftir sem áður að greiða aðeins 5,5% fjársýsluskatt af vinnu starfsmanna sinna við starfrækslu sams konar kerfa. Slíkt leiddi til þess að fjárhagslega óhagkvæmt yrði fyrir fjármálafyrirtæki að útvista starfrækslu kerfanna, sem gengi þvert á það grundvallarsjónarmið að skattlagning eigi ekki að hafa áhrif á val fyrirtækja um að þjónusta sig sjálf eða kaupa þjónustu af öðrum.

Með vísan til framanritaðs leggur KPMG til þá breytingu á 2. tölul. 1. gr. frumvarpsins að fellt verði brott orðið: tækniþjónustu.

Í 3. gr. frumvarpsins eru lögð til breyting á 2. málslíð 4. mgr. 25. gr. laga nr. 50/1988 og brottfelling 3. málslíðar sömu málsgreinar. Efni þeirra ákvæða sem lögð er til breyting á er að ekki skuli endurgreiða úr ríkissjóði innskatt umfram útskatt nema ríkisskattstjóri hafi ákvarðað virðisaukaskatt viðkomandi skattaðila fyrir öll fyrri uppgjörstímabil og að áætlun teljist ekki vera skattákvörðun í því sambandi. Efnislega er í frumvarpinu lögð til sú breyting að það girði ekki fyrir endurgreiðslu þótt ríkisskattstjóri hafi ekki ákvarðað virðisaukaskatt fyrir tímabila, en það girði hins vegar fyrir endurgreiðslu ef skattákvörðun einhvers fyrra tímabils byggist á áætlun ríkisskattstjóra. Raunar er ekki heiglum hent að ráða það efni tillögunnar af orðalagi hennar einu saman, en athugasemdir frumvarpsins bæta þar nokkuð úr.

Samkvæmt 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 50/1988 skal áætlun ríkisskattstjóra „vera svo rífleg að eigi sé hætt við að skattfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru“. Skattkrafa ríkissjóðs á því að vera tryggð með áætlun og því sér KPMG ekki ástæðu til að áætlun girði fyrir endurgreiðslu innskatts umfram útskatt á síðara tímabili.

KPMG leggur til að 3. gr. frumvarpsins orðist: Brott falla 2. og 3. málsl. 2. mgr. 25. gr. laganna.

Telji löggjafinn þörf á að mæla fyrir um að áætlun girði fyrir endurgreiðslu á síðari tímabili leggur KPMG til að 3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 25. gr. laganna:

- a. 2. málsl. orðast svo: Byggist skattákvörðun fyrra tímabils á áætlun, skv. 2. málsl. 2. mgr. þessar greinar eða 1.-3. mgr. 26. gr., skal endurgreiðsla þó ekki fara fram fyrir en skattaðili hefur lagt fram virðisaukaskattsskýrslu sem tæk er til álagningar í stað áætlunarinnar.
- b. 3. málsl. fellur brott.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

